

L Ö G

79

5. júní

um breyting á lögum nr. 93 25. sept. 1942, um að reisa nýjar síldarverksmiðjur.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Við 1. málsg. 1. gr. laganna bætist nýr föluliður, þannig:

7. Á Norðausturlandi sunnan Langaness 5 þúsund mála verksmiðju. Undirbúningi að byggingu verksmiðjunnar skal lokið á árinu 1947 og byggingarframkvæmdir hafnar 1948.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. júní 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Jóhann Þ. Jósefsson.

FRAMFÆRSLULÖG

80

5. júní

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI

Um framfærsluskyldu.

1. gr.

Framfærslustyrk skal veita hverjum þeim manni, er sökum fátæktar, vanheilsu, atvinnuskorts eða af öðrum orsökum getur eigi aflað sér þess, er sjálfur hann og skyldulið hans má eigi án vera til lífsframfærslu, og telst þar til læknishjálp og aðhjúkrun í veikindum, enda verði eigi bætt úr þörf hans á annan hátt.

Framfærslustyrkur skal vera svo mikill sem nauðsyn krefur, að dómi sveitarstjórnar eða framfærslunefndar, og honum haga svo sem hún telur rétt vera, nema öðruvísi sé sérstaklega fyrir mælt í þessum lögum eða öðrum.

2. gr.

Skylt er hjónum að framfæra hvort annað, meðan hjónabandi þeirra er eigi slitid að lögum.

3. gr.

Skylt er foreldrum í félagi og hvoru fyrir sig að framfæra og ala upp börn sín þangað til þau eru 16 ára.